

Ársskýrsla vísindanefndar 2001

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskólans. Við útlutunarvinnuna á árinu 2001 var unnið samkvæmt sama úthlutunarferli og árið áður þar sem faglegt mat var skilið frá úthlutunarvinnunni.

Við faglega matið störfuðu þrjú fagráð: Fagráð heilbrigðisvísinda, fagráð hug- og félagsvísinda og fagráð verk- og raunvísinda. Í hverju fagráði voru u.þ.b. 5 fulltrúar þar af einn til tveir fulltrúar úr vísindanefnd. Lögðu fagráð fram faglegt mat um allar umsóknir á sínu fagsviði. Samræming og lokafrágangur úthlutunar var síðan framkvæmdur af vísindanefnd. Við útlutun var unnið samkvæmt svipuðum viðmiðum og árið áður og leitast við að styrkja sérstaklega góð verkefni eins vel og mögulegt var. Meðalstyrkur úr rannsóknasjóði HÍ var svipaður og 2000 eða 592 þkr.

Vísindanefnd tilnefndi þrjú vísindamenn til verðlauna vegna árangurs í rannsóknum. Nefnd undir forsæti rektors valdi síðan Gísla Pálsson, prófessor í félagsvísindadeild og Sigurð Ingvarsson, prófessor í læknadeild og voru þeim veitt verðlaunin á 90 ára afmælishátíð Háskólans þann 5. október. Vísindanefnd kom ásamt öðrum starfsnefndum háskólaráðs að samningi um rannsóknafjárveitingar til Háskólans. Tillögur um rannsóknalíkan vegna skiptingar fjárveitinga voru kynntar nefndinni. Vísinda- og menntastefna Háskólans var rædd í nefndinni, en hún var samþykkt á háskólafundi í apríl 2002.

Dæmi um nokkur önnur mál sem voru afgreidd frá nefndinni á árinu:

- Umsögn um þróunaráætlanir deilda og stofnana.
- Umsögn um reglur um framgang kennara og sérfræðinga.
- Umsögn um nám í hugbúnaðar- og efnaverkfræði.
- Umsögn um drög að reglum Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúss um réttindi vegna hagnýtingar hugverka.
- Tilnefning á ungum vísindamönnum til Hvatningarverðlauna Rannsóknarráðs 2001.
- Ein umsókn um tveggja mánaða aukapóknun.
- Tvær umsóknir um lækkun kennsluskyldu skv. samþykkt háskólaráðs frá 24. 1. 1991.